



HÁSKÓLI ÍSLANDS

**BA ritgerð
í Félagsfræði**

Birtingarmyndir ofbeldis í íþróttum

Með áherslu á kynferðismál Larry Nassar

Gabríela Rut Sævarsdóttir

Leiðbeinandi: Anna Soffía Víkingsdóttir, doktorsnemi

Júní 2023

FÉLAGSFRÆÐI-, MANNFRÆÐI- OG ÞJÓÐFRÆÐIDEILD

Birtingarmyndir ofbeldis í íþróttum

Með áherslu á kynferðismál Larry Nassar

Gabríela Rut Sævarsdóttir

Lokaverkefni til BA prófs í Félagsfræði

Leiðbeinandi: Anna Soffía Víkingisdóttir, doktorsnemi

Félagsfræði-, mannfræði-, og þjóðfræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2023

Birtingarmyndir ofbeldis í íþróttum.

Ritgerð þessi er 12 eininga lokaverkefni til BA prófs við
Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild á Félagsvísindasviði Háskóla
Íslands.

© 2023 Gabríela Rut Sævarsdóttir

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Reykjavík, 2023

Formáli

Ritgerðin er 12 eininga lokaverkefni til BA prófs á Félagsvísindasviði við Háskóla Íslands. Áhugi minn á málefninu vaknaði við fyrirlestur á síðasta ári mínu við námið. En fyrirlesturinn flutti Anna Soffía, leiðbeinandinn minn um ofbeldi í íþróttum. Ritgerðin var unnin á vormisseri 2024 undir leiðsögn Önnu Soffíu Víkingsdóttur, doktorsnema. Ég vil þakka Önnu fyrir hjálpina, leiðsögnina og ábendingarnar í gegnum ferlið. Ég vill einnig þakka fjölskyldu minni fyrir stuðning og þolinmæði í gegnum öll árin og á þeim tíma sem ég var að skrifa ritgerðina. Ég vil einnig þakka systur minni fyrir yfirllesturinn og hjálpina.

Útdráttur

Megin markmið ritgerðarinnar er að kafa dýpra í birtingarmyndir ofbeldis þegar það kemur að íþróttum og ungmennum sem stunda íþróttir. Höfundur féll fyrir þessu viðfangsefni vegna margra ára íþróttuferil að baki og fyrrum persónulegrar reynslu. Í fræðilega grunnin voru skoðaðar þrjár tegundir ofbeldis; líkamlegt, andlegt og kynferðislegt ásamt því hvernig afleiðingar ofbeldis hefur á íþróttafólk og hvernig hægt er að koma í veg fyrir það. Megináhersla ritgerðarinnar er kynferðismál frá árinu 2016 þar sem Dr. Larry Nassar lækni hjá Bandaríska fimleikalandsliðinu var kærður og dæmdur fyrir að brjóta kynferðislega á hundruð stúlkna í gegnum áratuga feril sinn sem lækni. Málið vakti gríðarlega athygli og opnaði mikilvægar dyr fyrir íþróttafólk þegar það kemur að því opna umræðuna á ofbeldi innan íþróttiheimsins. Málið varð umdeilt í fjölmiðlum þar sem að fyrstu var lítil sem engin umfjöllun var um þöggun fimleikasambandsins í kjölfar málsins. En fimleikasambandið hafði fengið fjölda kvartana til sín sem þaggaði niður í þeim þolendum sem ætluðu að stíga fram. Í rannsókninni eru teknar fyrir tíu fréttir af tveim bandarískum fréttamiðlum frá tímabilunum 2016 til 2018. Fréttirnar eru orðræðugreindar og út frá því er gerð þemagreining. Fundið var þrjú megin þemu sem þössuðu við umræðuefni ritgerðarinnar en þemun eru hvort stjórnarmeðlimir eða fimleikasambandið væri nefnt í fréttunum, hvort vitnað væri í yfirlýsingar frá fórnarlömbunum og hvort Dr. Nassar væri skrímslavæddur. Niðurstöður sýndu að Larry Nassar var skrímslavæddur af báðum miðlum ásamt því að það var lítið sem ekkert nefnt fimleikasambandið sjálft eða hversu samsek það var í málinu. Hins vegar voru flest allir miðlarnir sem vitnuðu í fórnarlömbin.

Efnisyfirlit

Formáli	4
Útdráttur	5
1 Inngangur	8
2 Fræðilegur bakgrunnur	10
2.1 Félagsnámskenningin.....	11
2.2 Félagsleg samskipti.....	11
2.3 Vald.....	12
2.3.1 Valdaójafnvægi.....	13
3 Ofbeldi	14
3.1 Líkamlegt ofbeldi.....	14
3.2 Andlegt ofbeldi	15
3.3 Kynferðislegt ofbeldi	16
3.3.1 Grooming.....	17
3.4 Afleiðingar ofbeldis	17
3.5 Forvarnir	18
3.5.1 SafeSport	19
3.5.2 MeToo	20
3.6 Kynjamunur	20
4 Larry Nassar	22
4.1 Skrímslavæðing.....	23
5 Aðferðafræði	24
5.1 Gagnasöfnun	24
5.2 Rannsóknarspurning.....	26
5.3 Undirbúningur og framkvæmd.....	26

6	Niðurstöður	27
6.1	Þema eitt	27
6.2	Þema tvö	28
6.3	Þema þrjú	29
7	Lokaorð	30
	Heimildaskrá	35

Myndaskrá

Mynd 1.....	28
Mynd 2.....	29

1 Inngangur

Íþróttir eru skilgreindar sem ræktun á líkama einstaklings sem felur í sér áskoranir og keppnir. Íþróttir eru spilaðar út frá ákveðnum reglum þar sem einstaklingar meta og miða getu sína við aðra keppinauta eða að utanaðkomandi dæmir getu þína eða dæmir hvor einstaklingurinn standi sig betur. Merking og tilgangur íþróttar getur verið mismunandi eftir menningarheimum og menningarlegu samhengi hvers samfélags fyrir sig (Coakley, 2021). Vestrænn heimur hefur tekið umtalsverðum breytingum á síðustu áratugum, fólk fær mun fleiri tækifæri til að móta sjálfsmynd sína út frá ýmisskonar þáttum og hópum hvort sem það er í gegnum trúarbrögð, menntun, pólitík, kynþátt eða íþróttir. Íþróttir er talin vera einn af stærstu þáttum menningarþróunar og er lykil atriði þegar það kemur að tengslamyndun einstaklinga (Koski, 2008). Helsta tengslamyndunin sem þróast í íþróttum er á milli þjálfara og iðkenda, en sú tengsl geta verið áhættusöm, því nánari sem tengslin verða á milli þeirra því meiri hætta er á valdamisnotkun þjálfara, þar sem þeir misnota stöðu sína gegn iðkendum með ofbeldi (Wilinsky og McCabe, 2021). Valdamisnotkun getur verið skipulögð af höndum þjálfara yfir langt tímabil sem getur ollið því að iðkendur gera sér ekki grein fyrir að það sé verið að verða fyrir ofbeldi vegna tímans sem þjálfarar nýta sér til vinna sér inn traust (O'Hagan, 1995).

Viðfangsefni ritgerðarinnar er að skoða hvernig birtingarmyndir ofbeldis koma fram í íþróttum með áherslu á alvarlegu kynferðismáli sem átti sér stað innan Bandaríska landsliðsins í fimleikum. Læknir liðsins Larry Nassar misnotaði valdastöðu sína og braut kynferðislega gegn hundruði stelpna sem leituðu til hans, sem að lokum leiddi hann á bak við lás og slá (Ed White, 2022). Höfundur ritgerðarinnar á margra ára íþróttuferil að baki og hefur orðið vör við ofbeldi í íþróttahéimnum bæði gagnvart sjálfri sér og öðrum. Áhugi beindist að Larry Nassar kynferðismálinu þar sem höfundur æfði fimleika öll sín barna og unglingsár og var því tilvalið að kafa dýpra í það mál sem höfundur getur tengt við og fræðst betur um hvernig birtingarmynd ofbeldis kemur fram í íþróttum.

Ritgerðinni er skipt upp í sjö kafla þar sem í inngangi er farið yfir viðfangsefni ritgerðarinnar ásamt því að kynna sögu íþróttar og hvernig íþróttir virka ásamt því að rýna í Larry Nassar skandalinn og fara gróflega yfir hvað gerðist í því máli. Í öðrum kafla verður farið yfir fræðilegan bakgrunn íþróttar, þar sem gert verður grein fyrir hvernig félagsfræði við kemur íþróttum og hvernig umhverfi og íþróttir spilast saman hjá börnum.

Kenningarnar sem stuðst verður við er félagsnáms kenning Bandura ásamt hvernig Goffman skilgreindi félagsleg samskipti, síðasti kaflinn í fræðilega hlutanum er um vald og mismunandi birtingarmyndir þess og hvernig vald getur haft mikil áhrif í íþróttum út frá mismunandi sjónarhornum. Í þriðja kafla verður farið yfir hugtakið ofbeldi, hvernig það er skilgreint og hvernig einstaklingar verða fyrir því innan sem utan íþróttar, næst eru sex undirkaflar þar sem dýpkað er skilninginn á hugtakinu ofbeldi enn fremur og eru því fyrstu undirkaflarnir sem fara djúpt yfir þrjár tegundir ofbeldis; andlegt, líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi. Farið verður yfir hugtökin og hvernig þau skilgreina sig ásamt því hvernig þau birtast í íþróttahæminum. „Þjálfarar“ er heiti næsta kafla, sem snýst um hversu mikilvægir þjálfarar eru fyrir íþróttafólki og hversu stóru og mikilvægu hlutverki þeir tilheyra.

Í kjölfar þess er farið yfir afleiðingar ofbeldis og hvaða áhrif ofbeldi getur haft á íþróttafólk og hvernig það getur verið mismunandi eftir kynjum. Forvarnir er næsti kafli, en í honum eru taldar upp nokkrar hugmyndir af atriðum sem geta komið í veg fyrir ofbeldi innan íþróttafélaga, þar sem í kjölfar þess er sagt frá samtökunum SafeSport sem eru Bandarísk samtök sem voru stofnuð í kjölfar kynferðismál Larry Nassar og hins vegar #MeToo byltingunni. Síðasti undirkaflinn í þriðja kafla er farið yfir mun kynjanna í íþróttum og hvernig ofbeldi kynin verða fyrir, farið verður yfir hvernig strákar upplifa ofbeldi og hvernig tekið er á því, þar sem mun minna er af rannsóknum á körlum sem verða fyrir ofbeldi í íþróttum heldur en á konum.

Í fjórða kafla ritgerðarinnar er farið yfir sögu Larry Nassar, sem er megin viðfangsefni ritgerðarinnar en farið verður yfir sögu hans, hver hann var, hvað hann gerði og hvernig einn stærsti skandall sem hefur komið við í íþróttahæminum uppljóstraðist á örskömmum tíma. Einn undirkafla kemur í kjölfar þess, sá kafli snýst um skrímslavæðingu og hvernig birtingarmynd hennar er og hvernig Larry Nassar var skrímslavæddur í fjölmiðlum. Fimmti kafli ritgerðarinnar fer yfir hvaða aðferð var stuðst við ásamt gagnasöfnun, undirbúning og framkvæmd. Í kjölfar þess kafla komum við að niðurstöðum og að lokum lokaorðum og umræðu.

Ritgerðin var gerð í þeim tilgangi til fá betri skilning og opna umræðu á alvarleika ofbeldis í íþróttum og þá sérstaklega milli iðkenda og þjálfara eða annarra yfirmanna. Umræðan er mikilvæg fyrir allt íþróttastarf og til að betrumbæta íþróttumhverfi bæði hérlendis og erlendis. Markmið verkefnisins var að skoða betur í hvernig birtingarmynd

ofbeldis á sér stað innan íþróttar og hvernig eða hvort það sé hægt að hafa forvarnir eða fyrirbyggja ofbeldi af höndum þjálfara eða annarra yfirmanna.

Í ritgerðinni voru skoðaðar tíu fréttir af tveim bandarískum fréttamiðlum, fréttum var skipt í helming af hvorum miðli. Fréttirnar voru orðræðugreindar og síðan þemagreindar þar sem þrjú þemu mynduðust. Fyrsta þemað var athugað hvort Bandaríska fimleikasambandið myndi vera nefnt í fréttunum eða einhverjir meðlimir þess, annað þemað var athugað hvort að persónulegar yfirlýsingar frá fórnarlömbunum var greint frá í fréttunum, í þriðja þemanu voru skoðuð ákveðin orð sem leiddu til skrímslavæðingar á Nassar sjálfan. Niðurstöður sýndu að fréttirnar skrímslavæddu Larry Nassar gríðarlega og lítið fjallað um Bandaríska fimleikasambandið sjálft þótt að meðlimir hafi verið samsekir í málinu. Það voru flestar fréttir sem innihéldu persónulegar tilvísanir frá fórnarlömbunum.

Til að fá sem bestan skilning úr rannsókninni var stuðst við rannsóknarspurninguna:

Hverjar eru mismunandi birtingarmyndir ofbeldis innan íþróttar?

Er skrímslavæðing viðlogandi í fjölmiðlum þegar það kemur að kynferðismáli Larry Nassar?

2 Fræðilegur bakgrunnur

Félagsfræði skoðar íþróttir sem félagslegt fyrirbæri þar sem íþróttir snúast m.a. um að skapa, viðhalda og breyta samfélagsheimi okkar í gegnum þau tengsl sem myndast innan íþróttar. Einstaklingar reyna að halda í félagshópa sína í gegnum tíðina ásamt því að þróast og mótast með þeim, um leið og einstaklingur verður hluti af félagshóp mun það hafa áhrif á hann alla tíð (Coakley, 2021). Íþróttir geta verið stundaðar í misjöfnum tilgangi, sumir nýta íþróttir til skemmtunar og á óskipulagðan hátt, til dæmis að fara út að hlaupa, labba eða hjóla á meðan aðrir nota íþróttir í skipulögðum tilgangi og til að ná árangri sem eru allar afreks íþróttir. En til þess að ná árangri þarf að hafa góðan þjálfara. Þjálfari þarf að hafa sterka þekkingu og góða aðferð á því fagi sem hann þjálfar til að íþróttafólk fái sem mest út úr æfingunum og að þau nái sem bestum árangri (Mason o.fl., 2020). Rannsóknir hafa leitt í ljós að lykilinn að trausti, velgengni, frammistöðu, skuldbindingu,

tilfinningalegri bindingu og félagslegri nánd kemur allt út frá samskiptum þjálfara við iðkendur sína (Gaedicke o.fl., 2021).

2.1 Félagsnámskenningin

Albert Bandura kom upp með félagsnámskenninguna (e. *social learning theory*). En kenningin snýst um það hvernig börn læra af umhverfi sínu bæði í gegnum tilfinningar og hegðun. Skoðað er út frá kenningunni hvernig börn læra rétta og ranga hegðun út frá öðrum einstaklingum í nærumhverfi sínu. Kenningin snýst um það hvernig við fylgjumst með hegðun og gjörðum annarra og hverju við búumst við þegar við gerum eða segjum ákveðna hluti. Fullorðnir móta þannig gildi og viðmið barna sem þau umgangast daglega, sem var mikilvægasti punktur Bandura, að við endurspeglum okkur og lærum af þeim einstaklingum sem standa okkur næst. Kenning Bandura hefur verið notuð víðs vegar um heiminn og hefur þróast ein áhrifaríkasta og mest notaða meðferð á tilfinningastjórnun einstaklinga sem kallast hugræn athyglismeðferð (HAM) (Sudbery og Whittaker, 2019). HAM meðferðin á vel við þegar ofbeldi er um að ræða, talið er að neikvæð hegðun og tilfinningar sem leiða til ofbeldisfullrar hegðunar er vegna veikis eða brotins hegðunarmynstra. Þegar meðferðaraðili er að aðstoða skjólstæðing er mikilvægt að skoða þessi mynstur og búa til áætlun sem er sniðin að þörfum skjólstæðings til að bæta jákvæða hegðun og gjörðir hans. Í meðferðinni gegn börnum er mikilvægt að skoða foreldra og umönnunaraðila barnanna vel og hvernig þeir haga sér og hafa samskipti í daglegu lífi því það er það sem hefur mest áhrif á viðhorf og hegðun barna (Sudbery og Whittaker, 2019).

2.2 Félagsleg samskipti

Goffman taldi að einstaklingar lifa lífinu eftir ákveðnum hlutverkum sem þeim er gefið, eins og þau séu hluti af leikriti í gegnum tíðina. Einstaklingar eru með ólík sjálf eftir því við hvern er talað og hvaða aðstæður þeir eru í hverju sinni. Einstaklingar hafa oftast eitt markmið í samskiptum og það er að vera viðeigandi og koma vel út. Við leikum hlutverk okkar út frá þeirri stöðu sem við tilheyrum, það getur verið kyn, kynþáttur, stétt eða staða. Allir þættir í umhverfi okkar hefur áhrif á hvernig við högum okkur. En það sem getur gerst er að leikrit okkar getur rofnað eða orðið fyrir röskun, þá eru allir sem tilheyra leikmyndinni að reyna lagfæra hana og reyna koma félagslegum stöðugleika aftur á rétta leikmynd (Applerouth og Edles, 2021; Ásta Jóhannsdóttir og Ingólfur V. Gíslason, 2022).

Goffman setti einnig fram hugmyndina um fram- og baksvið, en hann meinar með því að í framsviðinu fáum við fyrirframgefin hlutverk, við erum formleg, einlæg og viljum líta sem best út í þeirri aðstöðu sem við erum í. Í baksviðinu erum við andstæðan, erum ekki með áhorfendur sem dæma okkur og erum því meira afslöppuð og þurfum ekki að fara jafn bókstaflega eftir handritinu og í framsviðinu (Applerouth og Edles, 2021).

2.3 Vald

Vald (e. *power*) er hugtak sem getur verið skilgreint mismunandi eftir einstaklingum eða samfélögum, vald getur verið smávægt eða mjög mikið en það er fyrst og fremst samband meðal eða milli einstaklinga. Skilgreining á valdi er útskýrð þannig að A hefur vald yfir B og getur sagt B að gera eitthvað sem það myndi venjulega ekki gera eða vilja. Þú getur til dæmis verið með vald yfir því það sem þú ert að gera, að keyra bíl á réttum vegarhelming eða ert foreldri með börnin þín í bílnum sem þú ert að sitja til, en síðan stoppar lögreglan þig, þá er valdið strax búið að yfirferast á lögregluna og ferð eftir þeim fyrirmælum sem hún segir við þig. Vandamálið við þegar fólk býr yfir valdi er að það vill stöðugt meira vald, og á það til að misnota stöðu sína til að ná yfir meira valdi (Dahl, 1957).

Íþróttir eru þróaðar út frá valdi, valdamiklir einstaklingar hafa tilhneigingu á að þróa íþróttir, hvernig þær eru skipulagðar og stundaðar í félagsheiminum. Valdamiklir stjórna einnig öllum viðburðum, stórum sem smáum, eins og ólympíuleikunum eða meistarakeppninni í fótbolta. Allt er þetta stofnað af fólki sem er valda og peninga ríkt. Peningar og völd geta ráðstafað því hversu langt einstaklingar ná í íþróttinni sinni, en því meiri peningar sem þú hefur því betri tækifæri eru til að ná árangri. Það að barn geti æft í góðri aðstöðu, með góðan búnað og góðan þjálfara eykur líkur á árangri hjá börnum. Þau sem hafa ekki þessa valmöguleika eiga í hættu á að falla úr íþróttinni. Efnahagurinn í þjóðfélaginu og stéttaskiptingin endurspeglar íþróttabátttöku í samfélaginu og býr til mynstur að þátttökutækifærum (Coakley, 2014).

Hugtakið vald nær einnig um fyrirtæki eins og fréttamiðla. Fréttamiðlar hafa gríðarleg völd þegar það kemur að því að stjórna hug lesenda, neytendur gera sér gjarnan ekki grein fyrir að það sé verið að hafa áhrif á skoðanir þeirra. Fjölmiðlar hafa það vald að viðhalda ráðandi viðmiðum, gildum og skoðunum samfélagsins (Dijk, 1995).

Max Weber setti fram fræðilega skilgreiningu á því hvað vald þýddi en hann telur að vald sé skilgreint sem möguleikar einstaklings eða einstaklinga til að koma vilja sínum

fram í gegnum félagsleg samskipti jafnvel þó aðrir þátttakendur séu andvígir. Í kjölfar setti Weber fram hugtakið forræði en það felur í sér hvernig einstaklingar bregðast við hegðun og skipunum (Appelraouth og Edles, 2021).

2.3.1 Valdaójafnvægi

Valdaójafnvægi (e. *power imbalance*) innan íþróttar getur átt sér stað af höndum þjálfara, stjórnarmeðlima eða milli annarra íþróttamanna. Stjórnarmeðlimir íþróttar hafa gríðarleg völd þegar það kemur að íþróttafólki eða liði, þeir stjórna upplýsingum til fjölmiðla, fjárhag, hverjum er bætt við eða keyptir inn í liðið, skoðanir, hugmyndir og ákvarðanir fyrir liðið/íþróttafólk. Þarna er vald kjarni málsins og er líf íþróttafólks í höndum stjórnarmeðlima og þjálfara, það er því daglegt að yferráðsmenn íþróttafólks standi í valdabaráttu þegar það kemur að leikmönnum og markmiðum þeirra. Við þetta getur myndast valdaójafnvægi milli leikmanna þar sem stjórnvöld byggja ákvarðanir sínar út frá þeim bestu í liðinu. Rannsókn sýndi að ákvarðanir stjórna fyrir íþróttalið eða iðkendum væri best fyrir stjórn og fyrirkomulagi þeirra frekar heldur en fyrir liðið eða íþróttafólkið sjálft. Það er því gríðarlega mikilvægt að stjórnarmeðlimir taki réttar ákvarðanir og beiti ekki valdaójöfnuði gagnvart iðkendum þar sem öll völd af framtíð liðs og íþróttafólks eru í þeirra höndum (Soares o.fl., 2010).

Þjálfarar eru lykilhlutverk þegar það kemur að íþróttum, sérstaklega í keppnisíþróttum. Þeir fara sjálfkrafa í þá stöðu að iðkendum, foreldrar og stjórn félagsins beri virðingu og treysti þjálfaranum sem setur hann strax í valdastöðu. Þjálfarar íþróttamanna hafa áhrif á árangur, virkni, ákvörðunartöku, traust og skuldbindingu. Til að þess að þjálfarar hafi áhrif á þessi atriði þarf tilfinningaleg og félagsleg tengsl þjálfara við iðkendum að vera mjög sterk (Gaedicke o.fl., 2021). Íþróttafólk er stöðugt að leita eftir samþykki frá þjálfurum sínum, þau vilja viðurkenningu og fá samþykki í gegnum árangurinn sem þau ná, sem gerir það að verkum að misnotkun valda hjá þjálfara verður auðveldari og þróast jafnt og þétt í ofbeldissamband (Wilinsky og McCabe, 2021).

Rannsókn sem var gerð í Washington leiddi í ljós að 159 þjálfarar voru reknir eða fengu viðvörðun fyrir kynferðisofbeldi á 10 ára tímabili, næstum öll tilfelli voru karlkyns þjálfarar að brjóta á ungum stelpum. Flest tilfelli sem voru tekin fyrir voru ekki rannsökuð af yfirvöldum og voru 60% þeirra sem voru ásakaðir sem héldu störfum sínum áfram (Coakley, 2014).

3 Ofbeldi

Ofbeldi milli einstaklinga (e. *interpersonal violence*) felur í sér þegar einstaklingur beitir vísvitandi líkamlegu afli eða valdi gegn einstaklingum eða litlum hópum. Slíkt ofbeldi getur verið líkamlegt, andlegt eða kynferðislegt (Vertommen o.fl., 2022). Skilgreining á orðinu ofbeldi hefur verið félagslega byggð og eru skilgreiningar á því hvað ofbeldi er mismunandi eftir einstaklingum og samfélögum. Samkvæmt fræðimönnum frá *World Health Organization* (WHO) er ofbeldi talið sem beiting á líkamlegu valdi eða ógnun gegn sjálfum sér, öðrum einstaklingum eða hópum í samfélaginu sem getur leitt til ofbeldis, sálrænum skaða, vanþroska eða dauða. Samkvæmt þessum skilgreiningum á ofbeldi við um líkamlegt, andlegt og kynferðislegt ofbeldi. Ofbeldi á sér stað oftast þegar einhver misnotar vald sitt með því að stjórna, hóta eða hræða aðra (Coakley, 2021).

Þegar skoðað er ofbeldi í íþróttum þarf að gera greinarmun á hegðun sem er talin vera eðlilegur hluti af þjálfun eða leikreglum frá þeirri sem er talin vera fara yfir siðferðismörk (Vertommen o.fl., 2022). Ofbeldi í íþróttum getur verið af höndum liðsfélaga, keppinauta, áhorfenda eða þjálfara. Í keppnisíþróttum er gjarnan litið á andstæðinginn sem óvin og getur andrúmsloft og áhorfendur endurspeglad slæma hegðun eða andstyggileika í garð andstæðingsins. Samkvæmt félagsnámskenningunni er talið að umbun og refsing hafi áhrif á hvort leikmenn beiti ofbeldi í íþróttum eða ekki. Áhorfendur geta ákveðið að styðja eða hafna ofbeldinu og ofbeldishegðuninni frá leikmönnum eða þjálfurum, t.d. þegar slagsmál berast út í fótboltaleik fá leikmenn hvatningu frá sínum áhorfendum og eru því áhorfendur að styðja ofbeldið sem á sér stað á þeirri stundu. En þegar ofbeldi er gagnrýnt af fréttamönnum, dómurum eða þjálfurum endurspeglast það í áhorfendur, þegar leikmönnum er refsað dregur það úr ofbeldistilfellum í íþróttum (Theories For Violence In Sports, 2017). Ofbeldi á sér stað í flestum íþróttum og verður áhættan á ofbeldi líklegri því betri sem einstaklingurinn verður og á því hærra stig sem hann kemst (Marks o.fl., 2012).

3.1 Líkamlegt ofbeldi

Líkamlegt ofbeldi (e. *physical abuse*) er skilgreint sem snerting án samþykkis, hvort sem það sé sársaukafullt eða ekki. Dæmi um líkamlegt ofbeldi er þegar notað er afl til að meiða viðkomandi hvort sem það er með hlutum, vopni eða með höndum. Líkamlegt ofbeldi á einnig við þegar það er togað í þig eða neytt þig til athafna (stígamót, 2023).

Líkamlegt ofbeldi í íþróttum hefur miklar neikvæðar afleiðingar í för með sér, í rannsókn frá Yabe o.fl. (2018) kom í ljós að flestir þjálfarar sem beittu iðkendum líkamlegu ofbeldi höfðu orðið fyrir ofbeldi sjálfir af sínum fyrri þjálfurum og tileinkuðu sér svipaðan stíl ofbeldis og þeir höfðu orðið fyrir (Yabe o.fl., 2018). Þegar líkamlegt ofbeldi á sér til staðar á það einnig um við þvingun eða ofæfingar af höndum þjálfara. Þegar þjálfari hundsar jafnvægið á milli álags og bata getur það leitt til ofþjálfunar og þjálfari tekur ekki mark á þegar líkami íþróttamanns kallar á hvíld. Þegar iðkandi heldur æfingum áfram þrátt fyrir líkamlegar viðvaranir getur það haft mikinn skaða í för með sér (Timpka o.fl., 2019).

Íþróttir geta einnig innihaldið líkamlegt ofbeldi eins og box eða bardagaíþróttir, það að slíkar íþróttir séu taldar „ofbeldisíþróttir“ hefur verið umdeilt. En það hefur ekki verið sannað að þær íþróttir sem innihalda einhverskonar meiðslum á annan einstakling hafi einhver áhrif á ofbeldishneigð utan íþróttarinnar (Coakley, 2014).

3.2 Andlegt ofbeldi

Vandinn við andlegt ofbeldi (e. *emotional abuse*) er að það skortir sjáanlega áverka og á það til að vera litið fram hjá og hundsáð. Þó að andlegt ofbeldi getur verið ósýnilegt á það til að vera mun skaðlegra heldur en líkamlegt ofbeldi þar sem það getur fylgt einstakling alla ævi. Þegar andlegu ofbeldi er beitt getur það ollið skaða á ákveðnum svæðum í heilanum, stuðlað að hegðunarvandamálum hjá börnum, fíkniefnaneyslu, aukna glæpastarfsemi eða árásargirni (Rees, 2010). Ef barn verður fyrir andlegu ofbeldi á það í hættu að verða tilfinningalega heft, barn þarf tilfinningalegt umhverfi til að ná fullnægjandi sálrænum og líkamlegum þroska. Andlegt ofbeldi getur verið skilgreint og túlkað á mismunandi hátt eftir ólíkum menningarheimum. En þó að menningarheimar skilgreina andlegt ofbeldi á mismunandi hátt er einn rauður þráður í þessum skilgreiningum, sem er sú að allir túlka andlegt ofbeldi sem einhverskonar endurtekna neikvæða orðræðu í garð einstaklings (Stirling og Kerr, 2008). Rannsókn á sex þúsund unglíngum í Bretlandi sýnir að 75% þeirra hafa orðið fyrir einhverskonar andlegu ofbeldi á æfingum ásamt því að sýna hægari árangur eða frammistöðu þegar þau verða fyrir endurteknum neikvæðum athugasemdum þjálfara (Rees, 2010; Gervis o.fl., 2016).

Þegar andlegt ofbeldi á sér stað í íþróttum er hægt að sjá það í margskonar myndum, en það á við þegar endurtekning er á einangrun, niðurlægingu, hótun, móðgun eða neikvæðri gagnrýni. Andlegt ofbeldi getur einnig verið athafnir eins og kasta einhverju að

eða í einstakling (Wilinsky og McCabe, 2021). Löngun til að ná miklum árangri getur oft þýtt að íþróttafólki er ýtt yfir sálræn og líkamleg mörk sín sem gerir að verkum að línan milli þjálfunar og ofbeldis verður óskýr. Í rannsókn eftir Gervis og Dunn (2004) kom í ljós að þegar markmið þjálfara var einungis að vinna var lítil áhersla á aðferðir og æfingar til að ná sigri. Þeir komust einnig að því að algengustu tegundir af andlegu ofbeldi var hróp, niðurlæging og hótanir. Því hærra íþróttastig sem einstaklingur var á því líklegra var að einstaklingur væri að upplifa andlegt ofbeldi (Gervis og Dunn, 2004).

3.3 Kynferðislegt ofbeldi

Kynferðislegt ofbeldi (e. *sexual abuse*) er víðtækt hugtak sem nær yfir margar ólíkar tegundir af hegðun hvort sem það er með eða án snertingar, en alltaf er um að ræða misnotkun valds (Gaedicke o.fl., 2021). Hugtakið er skilgreint samkvæmt Ryan, Leverage og Lane (2010) sem einhverskonar kynferðisleg athöfn í garð einstaklings án samþykkis sama á hvaða aldri hann er, með ógnandi eða stjórnsömum hætti í hagnaðarskyni gerandans (Ryan o.fl., 2010). Skilgreiningar kynferðislegs ofbeldis geta verið misjafnar en eitt sem virðist vera sameiginlegt öllum skilgreiningum er að fórnarlömb kynferðislegs ofbeldis eru að miklu leiti börn eða konur (Coakley, 2014). Samkvæmt alþjóðlegri rannsókn er u.þ.b. 2-62% kvenna sem hefur upplifað einhverskonar kynferðislegt ofbeldi á móti 3-16% karla (Johnson, 2004).

Samband þjálfara og iðkenda er mikilvægt þegar það kemur að íþróttum og til að efla árangur þarf samband milli íþróttamanna og þjálfara að vera sterkt, en slíkt samband getur falið í sér áhættur eins og misnotkun á trausti. Þegar þjálfari misnotar vald sitt gegn einstaklingi sem hann þjálfar er það talið sem tengslamisnotkun (e. *relation abuse*). Tengslamisnotkun er skilgreind sem samband tveggja einstaklinga sem tilheyra misjafnri stöðu og sá valdameiri misnotar tengslin sín við hinn einstaklinginn (Coakley, 2014; Wilinsky og McCabe, 2021). Mikilvægt er að rannsaka ofbeldi innan íþróttanna enn fremur í dag þar sem stöðug vakning er varðandi þess og hefur aldrei verið jafn mikið af íþróttafólki og í dag sem hefur stigið fram og opnað umræðuna á ofbeldi innan íþróttahéimsins. Byltingar á borð við #SportToo og #CoachDontTouchMe fóru eins og eldur um sinu á netinu til að vekja athygli á að kynferðisofbeldi á sér stað mun meira í íþróttum en fólk gerir sér grein fyrir (Gaedicke o.fl., 2021).

3.3.1 Grooming

Grooming er hugtak sem á yfir athöfn eða gjörning sem snýst um að vinna sér inn traust einstaklinga og brjóta síðan á þeim. Athöfnin getur tekið langan tíma og eiga þjálfarar til að vinna sér inn traust í vikur, mánuði og jafnvel árum saman áður en þeir brjóta á fórnarlömbum sínum. Brackenridge (2001) segir í bókinni sinni að *grooming* er gert í fjórum stigum, það fyrsta er að þjálfari velur sér fórnarlamb, annað stig er byrja að byggja upp traust og mynda vináttutengsl. Þriðja stigið er þegar þjálfari byrjar að þróa einangrun og myndar nánari tengsl við fórnarlambið, það fjórða og síðasta er þegar þjálfari byrjar að brjóta á fórnarlambi ásamt því að tryggja leynd (Brackenridge, 2001). Gerendur vinna hægt og rólega að því að ýta lengra á persónulegum mörkum einstaklings og viðeigandi hegðun. Þjálfarar eyða löngum tíma í að *grooma* til þess að sjá hversu langt þeir komast með sinni hegðun ásamt því að passa að þeir eigi ekki í hættu á að missa traust og vald sitt eða að það verði komið upp um þá (Brackenridge, 1997). Samkvæmt Craven, Brown og Gilchrist (2006) er *grooming* skilgreint sem „ferli einstaklings sem undirbýr barn, ungling og umhverfið fyrir ofbeldi á þessu barni. Ákveðið markmið er meðal annars að fá aðgang að barninu og öðlast undanláti og halda leynd barnsins til að forðast uppljóstrun“ (Craven o.fl., 2006).

3.4 Afleiðingar ofbeldis

Flestar rannsóknir sem gerðar hafa verið á ofbeldi leiða í ljós að flestir verða fyrir því innan veggja heimilisins og þar af höndum fjölskyldumeðlima. Síðustu ár hefur verið vakin athygli á ofbeldi innan íþróttahéimsins og sýna fyrri rannsóknir að 2-50% kvenna í íþróttum hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi (Vertommen o.fl., 2018). Afleiðingar ofbeldis geta verið misjafnar, en flestar eru þær sálrænar og geta sýnt sig í margskonar myndum eins og í félagslegri skömm, tilfinningalegu umróti, lægra sjálfsáliti eða neikvæðar afleiðingar í garð fjölskyldu og vina. Þeir sem stíga fram og segja frá ofbeldi eiga til að bregðast við og vinna öðruvísi úr ofbeldinu heldur en aðrir. En þótt afleiðingar ofbeldis koma aðallega niður á andlegu hlið einstaklings geta líkamleg einkenni komið í ljós sökum ofbeldis, sem og hausverkur, svefntruflanir, þyngdarsveiflur, lítil orka eða óánægja í heilsufari. Í rannsókn Brackenridge (1997) segir hann að þær konur sem urðu fyrir kynferðislegu ofbeldi af höndum þjálfarans hafi ekki tekið eftir því að þjálfarinn hafi verið að stíga yfir viðeigandi mörk vegna hversu traust sambandið þeirra var (Brackenridge, 1997; Marks o.fl., 2012). Rannsókn sem var gerð í Noregi á 24 íþróttakönnum sem höfðu

orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi töldu flestar að það hafi byrjað með smá snertingu og óviðeigandi umsögnum. Samkvæmt niðurstöðum voru pirringur, reiði, ótti og viðbjóður helstu tilfinningaleg viðbrögð þeirra. Líkamleg viðbrögð var forðun eða aðgerðarleysi á æfingum (Fasting o.fl. 2018).

Strákar eru taldir vera ólíklegri til að tilkynna ofbeldi innan íþróttafélaga. Það leiðir til kvíða, ofbeldis, einangrunar eða jafnvel brottfalls úr íþróttinni. Einnig hafa rannsóknir sýnt að eftir að drengir tilkynna ofbeldi eða misnotkun hafa þeir orðið fyrir höfnun af höndum liðsfélaga eða þjálfara ásamt því að hafa verið kennt um eða refsað af fjölskyldu sinni. Einnig sýndi rannsókn að þeir drengir sem hefðu orðið fyrir ofbeldi og hefðu ekki viljað viðurkenna það átt í meiri vandræðum með fíkniefnaneyslu, áfengisneyslu, kynlífs- og ofbeldishegðun heldur en aðrir drengir sem viðurkenndu og tókust á við ofbeldið sem þeir urðu fyrir (Parent og Bannon, 2012).

3.5 Forvarnir

Þegar það kemur að ofbeldi innan íþróttar eiga íþróttasamtök til að vera samsek og búa yfir þöggun þegar sagt er frá ofbeldi. Þetta er stór galli þegar reynt er að hafa áhrif á forvarnir gegn ofbeldi. Stefnur og reglur íþróttafélaga þurfa að vera skýrar fyrir þjálfurum, íþróttaiðkendum, foreldrum, stjórnendum og öðrum öllum ördum sem koma að íþróttinni. Reglurnar eru mikilvægar til að koma í veg fyrir ofbeldi (Timpka o.fl., 2019). Þau atriði sem hægt er nota til að koma í veg fyrir ofbeldi eru

1. Menntun og vitundarvakning: Mikilvægt er að allir þeir einstaklingar sem koma að íþróttinni og iðkendum viti í hvernig mynd ofbeldi lýsir sér og hver einkennin eru, hvort sem að er líkamlegt, andlegt eða kynferðislegt ofbeldi er að ræða. Þegar einstaklingar sjá einkenni ofbeldis er líklegra að það sé gripið í taumana strax.
2. Bakgrunnsathuganir: Þegar íþróttafélög og stofnanir ráða nýja þjálfara eða stjórnendur er mikilvægt að skoða bakgrunn þeirra til að tryggja öryggi.
3. Skýrar stefnur og reglur: Þessar reglur fela í sér hvernig þjálfarar sýna viðeigandi hegðun.
4. Vernd: Iðkendur þurfa að vera í öruggu umhverfi og hafa aðgang að traustum fullorðnum einstakling sem ber trúnaðarskyldu og hægt er að leita til til þess að opna sig og ræða um þau mál sem liggur þeim á hjarta.

5. Eftirlit: Stjórnendur íþróttafélaga þurfa að hafa eftirlit með hegðun þjálfara og annarra starfsmanna til að ganga úr skugga að það sé verið að fara eftir þeim reglum og viðmiðum sem gilda.
6. Tilkynningar og athugun: Ef einhver grunur er á ofbeldi eða óviðeigandi hegðun þarf að skoða málið tafarlaust og hafa skýrt ferli hvernig á að tilkynna og rannsaka ásakanir um ofbeldi.

Ef félög og stofnanir íþrótta reyna eftir bestu getu að fara eftir þessum skrefum eykur það líkur á að iðkendum líði betur og upplifi jákvæðari þjálfun. Það er hins vegar vandasamt hvernig farið er að forvörnum. Forvarnir geta vakið upp hræðslu og ótta í foreldrum um að ofbeldi hefði nú þegar átt sér stað innan íþróttafélagsins eða að það væri í vændum (Parent og Demers, 2011).

3.5.1 SafeSport

SafeSport eru samtök í Bandaríkjunum sem starfa af því að koma í veg fyrir ofbeldi í íþróttum með því að bjóða upp á fræðslu, úrræði og þjálfun í forvörnum. Samtökin voru stofnuð árið 2017 stuttu eftir að Larry Nassar málið var uppljóstrað. Frá og með 2017 hafa yfir sjö þúsund kvartanir um ofbeldismál komið inn hjá SafeSport ásamt því að samtökin hafa gert sérstaka þjálfun fyrir um þrjár milljónir einstaklinga á netinu ásamt því að hafa 12 námskeið og þróað margar leiðir til að koma í veg fyrir ofbeldi innan íþrótta. Samtökin eru búin að þróa með sér stefnur, reglur og áætlanir til að efla að betri og öruggara umhverfi fyrir íþróttafólk. Það eru um það bil 60% barna í Bandaríkjunum sem stunda íþróttir sem er jákvætt bæði andlega og líkamlega fyrir börn. Börn ávinna aukna sjálfsmynd og heilsu ásamt að bæta félagsleg og tilfinningaleg tengsl við aðra (Johnson o.fl., 2020). SafeSport samtökin vinna með íþróttafélögum víðs vegar um Bandaríkin og geta einstaklingar og iðkendur leitað til samtakanna ef það þarf að tilkynna ofbeldi eða annarskonar misnotkun. Samtökin hafa aðrar viðeigandi stofnanir og aðstoðarfólk til að bregðast við slíkum tilkynningum. Rannsókn sem var gerð á þrettán íþróttaiðkendum leiddi í ljós að flestum þótti mikilvægt að félög framfylgdu eftir ákveðnum SafeSport reglum og viðmiðum, ásamt því að hafa ákveðið ferli þar sem iðkendur gætu tilkynnt ef eitthvað væri að (Gurgis og Kerr, 2021; uscenterforsafesport.com, 2023)

3.5.2 MeToo

#MeToo er myllumerki sem var stofnað árið 2006 af konu að nafni Tarana Burke en uppruni merkisins var gert til að vekja stuðning til jaðarsettra svartra kvenna. Það leið ekki á löngu merkið komast á samskiptamiðilinn Twitter og þróaðist út í að þúsundir kvenna af hvaða kynþætti sem er voru að deila reynslu sögum sínum. Byltingin var lengi að berast til Íslands en hún hófst hér um árið 2017. Rannsókn Ingólfs V. Gíslasonar og Ástu Jóhannsdóttur (2022) sem var á ofbeldi gegn konum í íþróttum og sviðsljósinu sýndi að um það bil 44% þeirra hafi orðið fyrir einhverskonar kynferðislegu ofbeldi á sínu starfssviði. Ástæða þess að íþróttakonur eða konur í sviðslist var tekið fyrir var vegna þess að þessir hópar eru nánast undantekningarlaust undir einhverjum sem er í valdastöðu, hvort sem það er þjálfari eða leikstjóri. Þegar valdið er orðið mikið á þessum sviðum verður það erfitt fyrir þolendur að afþakka óvelkomna kynferðislega athygli ásamt því að það getur leitt til neikvæðrar afleiðinga ef einstaklingar tilkynna eða segja frá ofbeldinu þegar um er að ræða valdamikinn einstakling (Ásta Jóhannsdóttir og Ingólfur V. Gíslason, 2022).

Stelpurnar í Bandaríska fimleikafélaginu treystu Nassar og vildu ekki búa til usla með því að ásaka hann um ofbeldið, þar sem hann var í gríðarlegri valdastöðu og væri líklegt að þeim myndi ekki vera trúað því hann var svo vel liðinn innan sambandsins. Simone Biles sem er ein lykilkona í landsliðinu setti á Twitter síðu sína tilfinningaríka færslu sem hún skýrði „*Tilfinningar... #MeToo*“ þar sem hún segir að ofbeldið sé ekki á þeirra sökum og að hún ætli ekki að bera sektina á bakinu sem tilheyrir Larry Nassar. Biles endar á að segja að það þurfi að bera ábyrgð á hvers vegna þetta stóð til í svo langan tíma og hvers vegna þær voru svona margar sem lentu í honum og að það þarf að tryggja þess að svona gerist aldrei aftur (O'Reilly, 2018).

3.6 Kynjamunur

Íþróttir hafa í gegnum tíðina verið skipulagðar og ígrundaðar í kringum karlmenn, þær hófust svo karlmenn gætu uppfyllt kröfur og staðalímyndir þeirra. Ímyndin var sú að karlmenn ættu að vera stæltir, vöðvamiklir og að íþróttir ættu að byggja upp krafta og líkama þeirra (Bonde, 2003). Börn stunda íþróttir um allan heim og er staðreyndin sú að það eru fleiri strákar sem stunda íþróttir heldur en stelpur þegar það kemur að skipulögðu íþróttastarfi hjá börnum og unglingum. En þrátt fyrir hærra hlutfall drengja í íþróttum er meiri áhersla lögð á stelpur þegar það kemur að rannsaka ofbeldi innan íþróttar, út frá því hefur áhersla í rannsóknum þróast þannig staðalímynd að ofbeldismaður er karlmaður og

fórnarlömbin kvenkyns í flestum tilfellum (Parent og Bannon, 2012). Við þetta verður skortur á rannsóknum þar sem strákar eru fórnarlömb ofbeldis. Ein ástæða þess að þetta sé lítið rannsakað er vegna samfélagslegra skoðana, en hugtakið hefðbundin karlmennska (e. *traditional masculinity*) er útskýrð sem ákveðnir þættir, hegðun, orðræða og útlit sem karlar fara eftir til að skilgreina sig sem karlmenn. Það er mismunandi hvernig hugmyndir eru af hefðbundinni karlmennsku eftir menningarheimum og félagslegu samhengi. En í vestrænum samfélögum er gjarnan fordæmt þegar karlmenn tala um tilfinningar sínar og sú mýta um að strákar og karlmenn eru sjaldan beittir ofbeldi og afleiðingar þess ekki alvarlegar eru mjög ríkjandi (Parent og Bannon, 2012; Iacoviello, o.fl. 2022). Íþróttir fela í sér staðalímyndunar mótunarferli og þá sérstaklega fyrir stráka og líta strákar á íþróttir sem karlmennskutákn. Feðraveldisgildi ríkir í vestrænum samfélögum og liggur sterkt að baki í íþróttum fyrir drengi. Þeir læra að þróa með sér eiginleika sem taldir eru nauðsynlegir fyrir að vera „alvöru“ strákar, eins og styrkur og árásargirni. Þeir strákar sem uppfylla ekki þessi gildi eru taldir vera veikir, kvenlegir eða samkynhneigðir. Við þetta ríkir ótti við að vera talinn vera samkynhneigður eða kvenlegur og verður það áhyggjumál fyrir drengi að halda í karlmennsku sína. Stákar eru því ólíklegri til að tilkynna ofbeldi eða misnotkun í íþróttum vegna hræðslu við að vera útskúfað af jafnöldrum sínum eða vera ekki trúað af stjórnendum. Strákar eru einnig líklegri til að fá neikvæðari viðbrögð frá fjölskyldu sinni ef þeir tilkynna um ofbeldi eða misnotkun. Þessi staða gegn drengjum er enn ríkjandi í dag en hefur minnkað síðustu ár (Parent og Bannon, 2012).

Samkvæmt rannsóknum eru strákar í meiri hættu á að verða fyrir ofbeldi innan stofnanna samfélagsins heldur en stelpur. Þegar það kemur að ofbeldi í íþróttum virðist vera sem ofbeldisaðferðir eru svipaðar þegar það kemur að kynjunum en það sem þjálfarar gera frekar hjá strákum heldur en stelpum er að gera sig að föðurímynd og gefa þeim ráð um málefni sem er ótengt íþróttum. Einnig sýna rannsóknir að einungis 10-33% af ofbeldi sem drengir lenda í er tilkynnt ásamt því að það tekur stráka lengri tíma til að tilkynna eða segja frá ofbeldi heldur en stelpur. Rannsókn sýndi að af 28% stráka sem tilkynntu ofbeldi voru 44% þeirra sem biðu í um 20 ár frá því að ofbeldið átti sér stað og að tilkynningu (Parent og Bannon, 2012). En rannsóknir sýna einnig að strákar eru líklegri til að beita ofbeldi heldur en stelpur og einnig eru strákar sem stunda íþróttir líklegri til að beita ofbeldi heldur en þeir sem stunda ekki íþróttir. Ástæður þess geta verið margar en sumar rannsóknir telja það vera vegna þess að ofbeldi sé árangursrík leið til að sanna karlmennsku

sína, öðlast stöðu sína sem íþróttamaður, að fólk sem stundar ekki íþróttir eru minna virði og eiga skilið minni virðingu heldur en íþróttamenn (Coakley, 2014).

4 Larry Nassar

Larry Nassar var læknir hjá Bandaríska fimleikafélaginu sem var dæmdur í lífstíðarfangelsi fyrir fyrstu gráðu af kynferðisofbeldi ásamt barnaklámi. Nassar var búinn að vera vinna sem læknir innan ýmissa íþróttafélaga í áratugi og voru það yfir 200 konur og stelpur sem hann braut á í starfi sínu, yngstu stelpurnar voru niður í sex ára gamlar. Nokkur fórnarlömb innan fimleikasambandsins misnotaði hann endurtekið í yfir allt að 10 ára tímabil. Nassar nýtti sér læknastofuna sína, heimilið sitt eða hótélherbergi í keppnisferðum til að brjóta á þeim. Nassar lét stelpurnar fá gjarnan róandi lyf áður en hann byrjaði að meðhöndla þær (Mountjoy, 2019). Málið hófst þegar tölvupóstur barst frá Rachel Denhollander þar sem hún útskýrði ítarlega hvað Nassar hafi gert við hana, saga hennar var síðan birt í fréttablaði í Indianapolis. Eftir það byrjaði boltinn að rúlla og var önnur stelpa sem steig fram og kærði Nassar. Hann ákvað að svara þessum ásökunum þar sem hann neitaði og sagði „ég snerti þær aldrei“ (e. „I never touched them“) (Cohen og Shenk, 2020) sem varð honum að falli því mörg hundruð stelpur höfðu upplifað annað og var greinilegt að hann væri að ljúga. Hann var óvar um að þetta mál myndi vera einn stærsti skandall í sögu íþróttar, en Nassar var síðan rekinn átta dögum síðar og enn fleiri stelpur stigu fram. En áður skandallinn uppljóstraðist var kæra á honum frá árinu 2014 sem hafi verið felld niður (Smith og Pegoraro, 2020; Cohen og Shenk, 2020).

Nassar starfaði hjá mörgum íþróttafélögum og var hann mikið að skipta um félög, ástæða þess að hann var að flakka á milli félaga var vegna kvartanna og var hann ítrekað látinn fara, en ekkert sem gekk lengra. Þegar hann kom yfir í Bandaríska fimleikafélagið var ekkert gert í kvörtunum sem komu inn og var hann öruggur í því félagi. Steve Penny sem var forseti félagsins á þeim tíma gerði í því að fela kvartanir sem komu inn á borð til hans, hundsá þær eða henti kvörtunum ofan í skúffu hjá sér. Kvartanirnar náðu aldrei lengra en á hans borð og tilkynnti hann aldrei grun um misnotkun eða ofbeldi til lögreglu eða annarra yfirvalda. Þegar kvartanir frá foreldrum voru farin að koma inn á borð Penny og voru þau farin að spyrjast út í málin sagði hann þeim að FBI (Fedral Bureau of Investigation) væri í málinu og að ekki mætti segja neitt við neinn því rannsókn væri í gangi og að orðrómur mætti ekki spyrjast út (Cohen og Shenk, 2020).

Ein af stelpunum sem Nassar braut á taldi að hann hafi verið mjög góður við sig og var hann eini sem hún treysti innan sambandsins, sem leiðir okkur til baka í kaflann um *grooming* því það er það sem hann gerði við stelpurnar. Stelpurnar æfðu 7 daga vikunnar, marga tíma á dag, foreldrar máttu ekki koma inn á æfingasvæði og voru aðstæður mjög strangar. Í viðtali við eina af stelpunum sem birtist í heimildarmynd á Netflix sagði hún að „líkamlegt og andlegt ofbeldi var orðið eðlilegt“ (e. „*physical and emotional abuse was the norm*“) (Cohen og Shenk, 2020) það var einnig mismunað þeim sem höfðu lagt fram kvörtun, en Maggie Nichols var ein fremsta fimleikakona á þeim tíma og hafði áður keppt á Ólympíuleikunum, en eftir að hún lagði fram kvörtun og ásakaði Nassar um að hafa brotið á sér ákvað Steve Penny að hafa hana ekki með á Ólympíuleikunum 2016 þrátt fyrir að vera ein besta fimleikakona Bandaríkjanna á þeim tíma (Cohen og Shenk, 2020; Coakley, 2014).

Réttarhöld Nassar stóðu yfir í um fjóra daga og var hann með tvær mismunandi kærur á sér, ein vegna barnakláms í tölvunni hans og hin vegna kynferðisofbeldis gegn mörg hundruð stúlkna. Nassar þurfti að sitja og hlusta á stelpurnar lesa yfirlýsingar fyrir framan hann þar sem þær sögðu frá því hvað hann gerði við þær og hvað þeim fannst um hann í kjölfar ofbeldisins. Nassar fannst þetta óþægilegt og bað dómara í málinu um að sleppa yfirlýsingunum frá stelpunum, sem hún hafnaði (Cohen og Shenk, 2020). Einnig var Penny og allir í stjórninni þvinguð í það að segja af sér vegna málsins, félagið missti alla sína styrktaraðila og fór í gjaldþrot ásamt því að sitja uppi með háa upphæð í skaðabætur fyrir yfir 200 fórnarlömb Nassar (Coakley, 2014).

4.1 Skrímslavæðing

Skrímslavæðing er hugmyndafræði sem er notuð þegar þeir sem beita ofbeldi verða að miðpunkti málsins og allt annað og aðrir gleymast í anda hasarsins. Almennigur málar gerendur sem skrímsli, þeir eru afmennskaðir af samfélaginu, sem veldur því að þolendur eiga erfitt með að gera sér grein fyrir ofbeldinu sem þau verða fyrir og eykur hættu á að þolendur segja ekki frá vegna viðbragða frá samfélaginu (Ívar Karl Bjarnason og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2019). Í upphafi kynferðismáls Nassar má sjá að hann er strax skrímslavæddur, fjölmiðlar og samfélagið í Indianapolis fer strax í að kenna Nassar um þó að stór partur af vandamálinu hafi verið fimleikasambandið sjálft. En allra fyrstu tilkynningarnar frá iðkendum um Nassar hófust um 1997 en Nassar stafaði hjá nokkrum íþróttafélögum, allar tilkynningar sem bárust á borð hjá Bandaríkssa fimleikasambandinu

var þaggað niður af Steve Penny, forseta Bandaríska fimleikasambandsins (Cohen og Shenk, 2020).

5 Aðferðafræði

Í ritgerðinni var stuðst við eigindlega aðferðafræði. Tekið var fyrir tíu fréttir af tveim bandarískum fréttamiðlum, lesið þær ítarlega yfir, eftir lesturinn var gerð orðræðugreining og í kjölfar þess þemagreining. Samkvæmt skilgreiningu Kristínar Björnsdóttur (2013) er orðræðugreining notuð til að sjá og túlka hvernig einstaklingur notar tungumál og tjáningu til að koma fram skoðunum sínum og hvernig þessir tveir þættir tvinnast saman (Kristín Björnsdóttir, 2013). Aðferðin er nýtt til að dýpka og styrkja rannsókn eða niðurstöður viðfangsefna eða kortleggja markingahátt þess efnis sem skoðað er. Þegar notast er við orðræðugreiningu fréttar þarf að hafa í huga aðstæður, tíma og þau orð sem eru valin frá þeim einstakling sem skrifar fréttina. Takmarka þarf að treysta viðtalsgögnum þar sem þau eru ákveðin einstaklingshegðun og saga eins ákveðins einstaklings (Allen og Hardin, 2001; Kristín Björnsdóttir, 2013).

Þemagreining kom í kjölfar orðræðugreiningarinnar, þegar reynt er að finna þema efnis þarf að nálgast efnið með heimspekilegu sjónarhorni, skoða lýsingu og túlkun í greiningunni ásamt því að taka tillit til samhengi textans. Þegar fundið er þema í textum er leitast eftir ákveðinni lýsingu, hugtaki eða orðum, þessi atriði þurfa að hafa svipaðar hugmyndir varðandi viðfangsefnið eða að þau séu endurtekin sem væri síðan hægt að flokka í ákveðið mynstur eða þátt. Þættirnir gefa til kynna ákveðin mynstur en til þess að sjá mynstrið þurfa þau atriði sem nefnt var hér að ofan að koma nokkrum sinnum fyrir til að geta verið talið sem þema. Þemun geta innihaldið undirþemu til að gefa höfundu betri skilning og yfirsýn á viðfangsefninu og afhjúpa enn betra og dýpra mynstur (Vaismoradi o.fl., 2016).

5.1 Gagnasöfnun

Höfundur hóf gagnasöfnun á fræðilega hluta ritgerðarinnar með því að leitast eftir áreiðanlegum heimildum á netinu ásamt því að nýta rafrænar kennslubækur. Þegar rýnt var í viðfangsefni ritgerðarinnar sem var kynferðismál af höndum læknisins í Bandaríska fimleikalandsliðinu, Larry Nassar var notast við bandaríska fréttamiðla, greinar á netinu

ásamt heimildarmynd af streymisveitunni Netflix. Orðræðugreindar voru fréttir frá Bandarísku fréttasíðunni NBC (National Broadcasting Company) og Fox news, þar sem uppljóstrun um kynferðismál Nassar var seint árið 2015 og hófust málaferli gegn honum snemma árið 2016 var ákveðið að afmarka tímabilið niður í tveggja ára tímabili, frá 2016 til 2018. Voru alls fimm fréttir valdar af hvorum miðli, voru þær tíu samtals. NBC er einkarekin fréttastofa sem miðlar fréttum sínum í gegnum sjónvarpsstöð, vefsíðu eða öpp í gegnum snjalltæki (About NBC News Digital, nbc.com). Til að afla upplýsinga um málið var notast við vefsíðu fréttamiðilsins. Fox News er ein eftirsóttasta fréttaveita Bandaríkjanna í um 20 ár. Fox News er á mörgum streymisveitum og nær til um 200 milljónir manna í hverjum mánuði (About, foxnews.com). NBC varð fyrir valinu vegna gæða og fjölda fréttanna í tengslum við kynferðismál Larry Nassar og var aðgengi að fréttunum auðvelt. Fox News var tekin fyrir vegna hversu stór fréttaveitan er og var mikið fjallað um málið á þeirri fréttaveitu. Fréttirnar voru lesnar ítarlega og greint frá hvernig þær eru orðaðar, hver megin punktur fréttanna var og hvernig þemu birtust í fréttunum.

Markmið þemagreiningarinnar í tengslum við Nassar málið var að skoða hvort að fréttir skrímslavæddu Larry Nassar og gleymdu fimleikasambandinu sjálfu í umræðunni eða hvort að það hafi verið jöfn umfjöllun um bæði Nassar sjálfan og fimleikasambandið. Á fréttasíðunum tveim voru slegin inn orð og nöfn í tengslum við málið til að fá ítarlegri og betri fréttir um málið og til að orðræðugreina. Þau orð sem voru slegin inn voru meðal annars:

- Larry Nassar
- USAG
- Nassar
- Steve Penny

Við leitina komu upp tugir fréttanna sem voru skoðaðar vel og skipt niður eftir dagsetningum og ártali. Fimm fréttir voru teknar fyrir af www.nbc.com og fimm fréttir af www.foxnews.com. Fréttirnar voru lesnar yfir og tekið til hliðar þær tíu sem hentuðu ártali og áreiðanleika fréttanna sem höfundur gat nýtt sem best til orðræðu- og þemagreiningar.

Eftir að fréttirnar voru orðræðugreindar tók við þemagreining. En leitast var eftir þemum í fréttunum sem voru merkingarbær og viðeigandi við efnið í ritgerðinni. Fyrsta þemað sem tekið var fyrir var hvort fimleikasambandið væri nefnt í fréttinni eða einhver sem við kom sambandinu, annað þemað var hvort yfirlýsing stelpnanna var nefnd, ekki var

tekið mark á ef einungis „stelpur“ eða „þolendur“ var nefnt, heldur vitnað í persónulegar yfirlýsingar frá fórnarlömbum ofbeldisins, sem og viðtölum eða opinberar birtingar varðandi málið af samfélagsmiðlum fórnarlambanna. Þriðja þemað var athugað hvort fréttirnar voru að skrímslavæða Larry Nassar, leitast var eftir ákveðnum orðum í fréttunum ásamt því að kanna hver mikill hluti fréttarinnar snerist um Nassar frekar en fórnarlömbin eða fimleikasambandið. Skoðað var einnig kyn fréttamanna, en kom í ljós að það hafði engin áhrif á rannsóknina.

5.2 Rannsóknarspurning

Til hliðsjónar var stuðst við tvær rannsóknarspurningar til að hjálpa með skilning að efninu, spurningarnar eru;

Hverjar eru mismunandi birtingarmyndir ofbeldis innan íþróttar?

Er skrímslavæðing viðlogandi í fjölmiðlum þegar það kemur að kynferðismáli Larry Nassar?

5.3 Undirbúningur og framkvæmd

Umhugsun fyrir ritgerðarefni hófst á fyrsta ári þegar höfundur hóf nám við Háskóla Íslands og skrifaði niður í símann fyrstu tvö árin í skólanum hugmyndir af efni sem gæti verið gott viðfangsefni í lokaritgerðina sem fór úr því að vera hugmyndir úr afbrotafraeði yfir í kynjafraeði. En það var einn dag í tíma í félagsfraeði íþróttar þar sem Anna Soffía var þá aukakennari í áfanganum að fara með fyrirlestur um ofbeldi í íþróttum og var strax hugljómun um að þarna var viðfangsefni ritgerðarinnar komið. Fyrirlesturinn var mjög áhugaverður og gerðist margt í tímanum en fyrst og fremst áttaði höfundur sér á því að það var gríðarlega mikil tenging við efnið. Þar sem fimleikaferillinn hófst hjá höfundi aðeins fjögurra ára gömul og stóð hann alveg að átján ára aldri. Margar mismunandi tilfinningar, hegðun, iðkendur og þjálfarar var upplifað í gegnum þann tíma og var margt sem gerðist sem kom í ljós á seinni árum að hegðun og gjörðir margra er ekki ásættanleg innan fimleikaheimsins og margt sem barn ætti ekki að upplifa þegar það er að æfa sína drauma íþrótt.

Undirbúningur fyrir ritgerðina hófst í janúar 2023 og hófust skrifin um miðjan janúar, sem varði síðan allt að lok apríl sama árs. Höfundur gerði tímaáætlun og skipulag til að vinna rannsóknina jafnt og þétt yfir þann tíma sem gefinn var til að vinna í ritgerðinni. Höfundur

tók auka áfanga til að vera innan tímarammans, unnið var með kennara ásamt leiðbeinanda í gegnum tímabilið. Skilað var inn drögum fjórum sinnum yfir tímabilið til að fá staðfestingu um að halda áfram með rannsóknina og hvort að verkefnið væri rétt unnið.

6 Niðurstöður

Í sjötta kafla verða niðurstöður orðræðu- og þemagreiningarinnar gerðar ljósar. Eftir að tíu greinar höfðu verið valdar sem hentuðu viðfangsefninu vel ásamt tímaramma var farið í að lesa fréttirnar ítarlega. Við lestur var höfundur strax var við orðræðugreiningu en fréttirnar gáfu augljóslega til kynna að málið snerist um hræðilegan mann sem misnotaði börn og unglinga. Eftir orðræðugreininguna tók við að fyrstu frekar augljós þemagreining og var endað í þrem þemum í öllum tíu fréttunum. Þemun voru hvort fréttirnar innihéldu upplýsingar eða ásakanir um Bandaríska fimleikasambandið, hvort persónulegar yfirlýsingar frá þolendum voru teknar fram og síðasta hvort væri verið að skrímslavæða Larry Nassar. Það fór eftir tímalínu hvernig fréttirnar voru skrifaðar og hvað kom fram, en þær sem voru skrifaðar árið 2016, þá mjög snemma í málinu, töluðu minna um fimleikasambandið og meira um Nassar og var því meiri skrímslavæðing í þeim fréttum. Í næstu þrem köflum verður farið betur yfir þemun sem mynduðust í fréttunum og hverju var leitast eftir til að finna þau.

6.1 Þema eitt


Til að rannsaka fyrsta þemað betur var skoðað hvort að fréttirnar innihéldu nöfn stjórnarmeðlima eða hvort að það kom á einn eða annan hátt fram að fimleikasambandið væri samsek í málinu. Það kom í ljós að einungis þrjár greinar af tíu voru annaðhvort stjórnin tekin fyrir eða nafngreint stjórnarmeðlim. Ein frétt var frá NBC og tvær frétt frá Fox News, en ein greinin innihélt einungis eina málsgrein um sambandið. En allar þær greinar sem innihéldu þetta þema voru frá árinu 2018, þegar málið var búið að vinda upp á sig og þegar Nassar var nú þegar búinn að fá dóm á sig. Ástæða þess að þetta þema var valið var vegna þess að Bandaríska fimleikasambandið þaggaði tilkynningar stelpnanna niður í áratugi, eins og áður kom fram var fyrsta kvörtun í garð Nassar árið 1997. Fimleikasambandið var samsekt í öllu málaferlinu frá degi eitt, en var lítið talað um það. Nassar var málaður sem skrímsli og sambandið slapp vel frá fjölmiðlum að fyrstu, þrátt

fyrir að allir meðlimir vissu að vandamálinu og þöggudu það niður. Allir meðlimir sögðu á endanum upp starfi sínu (Cohen og Shenk, 2020).

6.2 Þema tvö

Þegar annað þemað var skoðað var leitast eftir persónulegum yfirlýsingum frá fórnarlömbum. Þá var annaðhvort leitast eftir tilvísunum þegar þær lásu yfirlýsingu í réttarsalnum og voru nafngreindar í fréttinni eða þegar það var vitnað í persónulegar yfirlýsingar frá þeim, til dæmis af samfélagsmiðlum þeirra. Það voru sjö fréttir af tíu sem innihéldu persónulegar yfirlýsingar frá stelpunum, fjórar af fimm á Fox News og þrjár af fimm á NBC. Það var í sex fréttum þar sem það var vitnað í setningar frá réttarhöldunum en ein frétt innihélt tilvísun í persónulega yfirlýsingu af Twitter síðu tveggja fórnarlamba. En eitt þeirra var frá fræga ólympíufaranum Simone Biles, þar sem hún skrifar um tilfinningar sínar í kjölfar málsins og merkir með #MeToo.

Þetta þema var valið til að athuga hvort fréttir myndu einungis snúast um Nassar og hans gjörðir eða hvort að fórnarlömb myndu fá að láta rödd sína heyra, þar sem niðurstöður sýndu að svo var gert. Það er mikilvægt í máli eins og þessu að fórnarlömb fái að segja sínar sögur og halda þeim á lofti svo það gleymist ekki að þetta snýst fyrst og fremst um fórnarlömbin og hvað þau hafa lent í frekar en hversu mikið skrímsli Larry Nassar er. Sem leiðir okkur í næsta þema.




Mynd 1. Þema tvö, hvort fréttir birtu persónulegar yfirlýsingar fórnarlamba.

6.3 Þema þrjú

Í þriðja þemanu var leitast eftir ákveðnum orðum sem höfundur fannst leiða til skrímslavæðingar, orðin voru til dæmis; skrímsli, ógeðslegur, veikur, raðniðingur svo eitthvað sé nefnt. Einnig var skoðað hversu mikill hluti fréttarinnar snerist einungis um Nassar á móti einhverju öðru. En niðurstöður sýndu að næstum því allar fréttirnar, sem sagt níu af tíu fréttum innihéldu eitthvað af þessum orðum eða voru bara um Nassar. Eina fréttin sem innihélt ekkert af þessu var frétt sem var frá NBC News og snerist hún um varnar málsmeðferð Nassar, og var því eina fréttin sem skrímslavæddi Nassar ekkert.

Í kjölfar þema eitt og tvö þá er þema þrjú það sem oftast kom fyrir og var mest áberandi þemað og leiddi það í ljós að Nassar var mjög skrímslavæddur í þeim fréttum sem voru teknar fyrir. Fréttirnar voru fyrst og fremst um Nassar sjálfan og lítið var fjallað um sambandið sjálft og meðlimi þess.



Mynd 2. Sýnir að 90% fréttanna skrímslavæddu Larry Nassar.

7 Lokaorð

Þegar öllu er á botninn hvolft má sjá að ofbeldi í íþróttum er gríðarlega alvarlegt og algengt vandamál. En ofbeldi getur verið erfitt að koma auga á, sérstaklega ef það er andlegt ofbeldi eða vel falið. Áður en Nassar skandallinn hófst var umræðan um ofbeldi innan íþróttasíðans ekki nægilega mikil og var lítið í umfjöllun. Stórt og alvarlegt mál eins og Nassar málið hafi þurft að gerast til að ryðja af stað vitundarvakningu fyrir ofbeldi í íþróttum er sorglegt. Eins og ritgerðin gaf til kynna er hægt að beita ofbeldi í hinum ýmsum gerðum og vegum, en andlega ofbeldi virðist vera viðlogandi í flestum íþróttum sérstaklega af höndum þjálfara, þar sem það er ósýnilegt og orðið eðlilegur partur af þjálfuninni og æfingum. En kynferðislegt ofbeldi hefur einnig orðið gríðarlega opinbert málefni síðustu ára, sérstaklega í kjölfar Nassar málsins. Kynferðislegt ofbeldi hefur alltaf verið til staðar innan íþróttasíðans, en undanfarin ár hafa tilkynningar orðnar mun fleiri og umræðan opnari. Þjálfarar hafa gríðarleg völd þegar það kemur að iðkendum sínum, en þjálfarar og aðrir yfirmenn geta misnotað vald sitt á margskonar hátt. Þjálfari hefur áhrif á hvort einstaklingur nái árangri og markmiðum í íþróttinni eða ekki, þeir geta neitað að þjálfari einstakling að ákveðnum markmiðum eða haft áhrif á hvað einstaklingur gerir utan íþróttarinnar. Það sem gerist er að línan milli þjálfunar og stjórnunar verður óskýr. Þetta getur haft neikvæðar afleiðingar fyrir iðkendur á æfingum, utan æfinga, andlega og líkamlega. Ef skoðað út frá viðhorfi Nassar málsins má sjá að hann nýtti sér valdastöðu sína til að brjóta á stelpunum sem hann átti að vera laga og gera betri en var í rauninni að brjóta þær meira niður og gera þær verri með ofbeldinu. Þó að Larry Nassar hafi ekki verið þjálfari stelpnanna var hann lækurinn þeirra og var með það verkefni að lækna stelpurnar ef þær voru með einhverskonar meiðslum í líkamanum. Nassar var lykilmaður innan sambandsins og var treyst af öllum, líka af flestum stelpunum þrátt fyrir það sem hann gerði við þær. En vegna virðingarinnar og mikilvægi hans fyrir liðið voru stelpurnar ekki með kjarkinn í að ásaka hann eða stíga fram.

Ofbeldi getur haft mismunandi afleiðingar í för með sér, en það er persónubundið hvernig einstaklingar sem hafa lent í ofbeldi vinna úr því, oftast er það andleg vinna sem þarf að hafa áherslu á í bataferli. En eins og kafla 3.5 gaf til kynna þá geta afleiðingar ofbeldis haft alvarleg áhrif á íþróttasíðans fólks. Það er hægt að reyna koma í veg fyrir ofbeldi með ýmsum aðferðum og reglum, en til að koma í veg fyrir það er mikilvægt að skilja og vita eðli ofbeldis og hvernig birtingarmynd þess er. Mikilvægt er fyrir íþróttafélög að hafa

ákveðinn ramma fyrir þjálfara og aðra yfirmenn og ekki síst iðkendur svo að þau viti hvar mörkin liggja og hvert iðkendur geti leitað ef þeir þurfa að tilkynna ofbeldi.

Þegar skoðuð eru þemun úr fréttunum má sjá það sem við var að búast, að Nassar var fyrst og fremst skrímslavæddur, en við sjáum mörg dæmi í raunveruleikanum bæði hérlandis og erlendis að fólk verður skrímslavætt þótt að aðrir aðilar eða samtök séu samsek. Í heimildarmynd um málið á Netflix er gert grein fyrir áhorfendum hversu samsek fimleikasamtökin eru, en fréttirnar voru einungis einbeittar á Nassar, það sem gæti útskýrt það væri tímabilið sem tekið var fyrir eða að fréttirnar voru flestar um réttarhöldin. En fyrsta þemað var tekið fyrir til að sjá hvort fréttir myndu hjálpa fórnarlömbunum í að gera fimleikasambandið sjálft samsek, það virtist ekki vera í þeim fréttum sem teknar voru fyrir, og gæti verið ástæða þess að fréttirnar voru skrifaðar snemma í málinu og að frekari sönnunargögn áttu eftir að líta dagsins ljós. En við leit að fréttum voru tugir þeirra sem innihéldu ásakanir á sambandið sjálft, en það virtist vera minni umfjöllun um sambandið þegar málið var nýtt. Því lengra sem leið á og meiri upplýsingar og sönnunargögn komu í ljós því meira var skrifað um sambandið og þöggunina sem í kjölfarið átti sér stað á kvartanir stelpnanna, heldur en í upphafi málsins.

Þema tvö, var athugað með yfirlýsingar frá fórnarlömbum sem birtust í fréttunum. Þemað var mikilvægt í aðdraganda málsins þar sem í svona alvarlegum málum þarf að passa að gleyma ekki röddum fórnarlömbanna, þar sem þetta er fyrst og fremst þeirra upplifun og þeirra friðhelgi sem brotið var á. Eins og greint var frá í kafla 2.3 þá hafa fjölmiðlar gríðarlega mikil völd, og er það ástæðan að það komst upp um Nassar, því fjölmiðlar trúðu sögu Rachel Denhollander, en þeir þurftu líka að passa að fórnarlömbin fengu sína rödd og fengu að segja frá sinni reynslu en ekki bara að skrímslavæða Nassar. En eins og niðurstöður gáfu til kynna þá voru allar fréttir nema ein sem báru tillit til fórnarlömbanna og greindu frá persónulegum yfirlýsingum í fréttinni.

Þegar Nassar er skoðaður í gegnum kenningu Erving Goffman um félagsleg samskipti og sjálfin okkar í gegnum leikrita kenninguna sjáum við að Nassar er sá sem er að taka áhættur og raska leikritinu sínu, hann er valdamikill og sýnir óviðeigandi hegðun á bak við tjöldin. Hann kemur vel fram, er góður og lítur vel út fyrir foreldrum og stjórninni en þegar hann er kominn með stelpurnar á stofuna sína eða á stað þar sem enginn sér nýtir hann tækifærið og brýtur á þeim. Þegar Penny fékk inn til sín kvartanir setti hann þær til hliðar því ef hann hefði farið í gegn með þær hefði hann verið að raska leikritinu og ollið usla, það var því betri kostur að hans mati að geyma þær til að halda leikritinu hnökralaust.

Nassar er að misnota valdastöðu sína og notar stöðu sína sem læknir sem tól til að fá það sem hann vill, þar sem stelpurnar þurfa að fara til læknis til að verða betri og ná árangri.

Við kynferðismál Larry Nassar vakna upp margar spurningar, hvað hefði gerst ef blaðamenn hefðu hundsáð póstinn frá Rachel Denhollander og ekki birt sögu hennar, væri Larry Nassar enn starfandi eða hefði hann verið tekinn niður á einhvern annan hátt eða ef nákvæmlega sama mál hefði gerst í karla landsliðinu og kona hefði verið að brjóta á þeim, hefði málið náð jafn mikilli athygli og gert jafn mikið mál úr því eins og gert var við Nassar. Annars vegar er hægt að velta því fyrir sér að ef Rachel hefði sent á karlkyns blaðamann frekar en kvenkyns blaðamann hvort það hefði breytt einhverju í ferlinu, er konan að tengja við Rachel og vildi hjálpa henni, eða ætli þetta hafi bara verið gert í hagnaðarskygni þeirra beggja.

Við rannsóknarvinnu vöknudu ýmsar hugmyndir um framtíðar rannsóknir, en áhugavert væri að skoða betur ofbeldi gegn karlmönnum, bæði þar sem karl- og kvenkynsþjálfarar eiga hlut í ofbeldi, en eins og greint var frá í kafla 3.7 þá er gríðarlegur skortur á rannsóknum á ofbeldi gegn drengjum í íþróttum og vantar rannsóknir um það málefni á markað. Áhugavert væri að taka fótbolta fyrir þar sem fótbolti er ein stærsta íþrótt í heimi í dag og er talin vera mjög karlæg íþrótt.

En eins og kom fram í kafla 5.3 þá hófst fimleikaferill höfundar við ungan aldur og gekk á í um tæp fimmtán ár og var því efnið eitthvað sem mikill áhugi var á, ásamt því að hafa fylgst með bandaríska fimleikalandsliðinu og ólympíuleikunum frá unga aldri. Við vinnu ritgerðarinnar var tekið eftir margskonar atriðum sem hafa komið við sögu á fimleikaferlinum, en eins og stelpurnar í heimildarmyndinni sögðu frá í viðtali var að þegar maður er svona ungur gerir maður sér ekki grein fyrir því að þjálfarinn manns eða aðrir sem eru yfir manni séu að gera eitthvað rangt, þjálfarar verða nokkurskonar þriðja foreldri fyrir krökkum. Iðkendur eyða heilu dögnum í íþróttahúsinu undir eftirliti og reglum þjálfara, það er því ekki skrítið að börn og unglingar átti sig ekki á þegar þjálfarar eða aðrir yfirráðsmenn eru að misnota stöðu sína og vald gegn þeim.

Ljóst er að það vantar að opna umræðuna á Íslandi þegar það kemur að ofbeldi í íþróttum, sem betur fer hefur ekkert mál eins og Nassar málið komið upp en það er töluvert um ofbeldi innan íþróttahéimsins hér á landi. Höfundur er alin upp á íþróttaheimili, allir í hennar fjölskyldu stunduðu íþróttir á unglingsárum, og hefur því heyrt og séð ofbeldi bæði í gegnum fjölskyldumeðlimi ásamt því að hafa upplifað það sjálf í gegnum fimleikana í gegnum árin, algengt er í fimleikunum að heyra stöðugt að það þurfi að gera betur og er

ekki mikið um hrós. Faðir höfundar var atvinnumaður í fótbolta í mörg ár, en hans sögur í gegnum tíðina benda á að það er gríðarlegt andlegt ofbeldi innan íþróttta og sérstaklega í fótbolta hér á landi en ekki mikil umræða virðist vera um það. Einnig eru engar stofnanir hérlendis eins og SafeSport þar sem einstaklingar geta leitað til ef þess þarf og er gríðarleg þörf fyrir börn og unglunga í íþróttum að geta haft einhverskonar net sem getur gripið þau ef tilkynna þarf ofbeldi.

Það er því gríðarlega mikilvægt að fjölmiðlar fjalli um mikilvæg málefni eins og Nassar málið til að vekja athygli og opna umræðu á alvarleika málsins. Það er hins vegar einnig í þeirra höndum að vekja athygli á því hverjir eru sekir í málinu og hafa alla vinkla málsins opinber. Passa þarf upp á að rödd fórnarlamba gleymist ekki í umræðunni og að þau fái pláss í fjölmiðlum til að segja sína hlið á málinu.

Mikilvægt er að íþróttafélög og stjórnendur félaga fylgist vel með sambandi þjálfara við iðkendur sína og hafi skýrar stefnur um ofbeldismál. Rannsóknir og umfjöllun eru í skorum skammti þegar það kemur að ofbeldi í íþróttum og er því mikilvægt að halda umræðunni á lofti, sérstaklega þegar hraðar breytingar með nýjum kynslóðum eru að eiga sér stað í vestrænum samfélög.

Heimildaskrá

- About NBC News Digital. (2022, 26. Júní.). *NBC News*.
<https://www.nbcnews.com/information/nbc-news-info/about-nbc-news-digital-n1232178>
- Appelraouth, S., og Edles, L. (2021): *Classical and Contemporary Sociological Theory*. (4.útg). SAGE Publications.
- Allen, D., og Hardin, P. K. (2001). Discourse analysis and the epidemiology of meaning. *Nursing Philosophy*, 2(2), 163–176. <https://doi.org/10.1046/j.1466-769X.2001.00049.x>
- Atkinson, P., Bauer, M. W., og Gaskell, G. (2000). *Qualitative Researching with Text, Image and Sound: A Practical Handbook for Social Research*. SAGE.
- Ásta Jóhannsdóttir og Ingólfur V. Gíslason. (2022). Mörk í nánu rými: #MeToo í sviðslistum og íþróttum. *Netla*, 0, Art. 0. <https://doi.org/10.24270/netla.2022.2>
- Brackenridge, C. (1997). 'HE OWNED ME BASICALLY...': Women's Experience of Sexual Abuse in Sport. *International Review for the Sociology of Sport*, 32(2), 115–130. <https://doi.org/10.1177/101269097032002001>
- Craven, S., Brown, S., og Gilchrist, E. (2006). Sexual grooming of children: Review of literature and theoretical considerations. *Journal of Sexual Aggression*, 12(3), 287–299. <https://doi.org/10.1080/13552600601069414>
- Dahl, R. A. (1957). The concept of power. *Behavioral Science*, 2(3), 201–215. <https://doi.org/10.1002/bs.3830020303>
- Fasting, K., Sand, T. S., og Sisjord, M. K. (2018). Coach–athlete sexual relationships: Coaches' opinions. *International Journal of Sports Science & Coaching*, 13(4), 463–470. <https://doi.org/10.1177/1747954117753807>
- Gaedicke, S., Schäfer, A., Hoffmann, B., Ohlert, J., Allroggen, M., Hartmann-Tews, I., og Rulofs, B. (2021). Sexual Violence and the Coach–Athlete Relationship—A Scoping Review From Sport Sociological and Sport Psychological Perspectives. *Frontiers in Sports and Active Living*, 3. <https://www.frontiersin.org/articles/10.3389/fspor.2021.643707>
- Gervis, M., og Dunn, N. (2004). The emotional abuse of elite child athletes by their coaches. *Child Abuse Review*, 13(3), 215–223. <https://doi.org/10.1002/car.843>
- Gervis, M., Rhind, D., og Luzar, A. (2016). Perceptions of emotional abuse in the coach–athlete relationship in youth sport: The influence of competitive level and outcome. *International Journal of Sports Science & Coaching*, 11(6), 772–779. <https://doi.org/10.1177/1747954116676103>
- Gurgis, J. J., og Kerr, G. A. (2021). Sport Administrators' Perspectives on Advancing Safe Sport. *Frontiers in Sports and Active Living*, 3. <https://www.frontiersin.org/articles/10.3389/fspor.2021.630071>
- Johnson, C. F. (2004). Child sexual abuse. *The Lancet*, 364(9432), 462–470. [https://doi.org/10.1016/S0140-6736\(04\)16771-8](https://doi.org/10.1016/S0140-6736(04)16771-8)

- Johnson, N., Hanna, K., Novak, J., og Giardino, A. P. (2020). U.S. Center for SafeSport: Preventing Abuse in Sports. *Women in Sport and Physical Activity Journal*, 28(1), 66–71. <https://doi.org/10.1123/wspaj.2019-0049>
- Koski, P. (2008). Physical Activity Relationship (PAR). *International Review for the Sociology of Sport*, 43(2), 151–163. <https://doi.org/10.1177/1012690208095374>
- Kristín Björnsdóttir. (2013). Orðræðugreining. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 269-280). Akureyri: Ásprent stúll ehf.
- Larry Nassar loses last appeal in sexual assault scandal. (2022, júní 17). PBS NewsHour. <https://www.pbs.org/newshour/nation/larry-nassar-loses-last-appeal-in-sexual-assault-scandal>
- Marks, S., Mountjoy, M., og Marcus, M. (2012). Sexual harassment and abuse in sport: The role of the team doctor. *British Journal of Sports Medicine*, 46(13), 905–908. <https://doi.org/10.1136/bjsports-2011-090345>
- Mason, R. J., Farrow, D., og Hattie, J. A. C. (2020). Sports Coaches’ Knowledge and Beliefs About the Provision, Reception, and Evaluation of Verbal Feedback. *Frontiers in Psychology*, 11. <https://www.frontiersin.org/articles/10.3389/fpsyg.2020.571552>
- Mitchell, J. H., Haskell, W. L., og Raven, P. B. (1994). Classification of sports. *Journal of the American College of Cardiology*, 24(4), 864–866. [https://doi.org/10.1016/0735-1097\(94\)90841-9](https://doi.org/10.1016/0735-1097(94)90841-9)
- Mountjoy, M. (2019). ‘Only by speaking out can we create lasting change’: What can we learn from the Dr Larry Nassar tragedy? *British Journal of Sports Medicine*, 53(1), 57. <https://doi.org/10.1136/bjsports-2018-099403>
- O’Hagan, K. P. (1995). Emotional and psychological abuse: Problems of definition. *Child Abuse & Neglect*, 19(4), 449–461. [https://doi.org/10.1016/0145-2134\(95\)00006-T](https://doi.org/10.1016/0145-2134(95)00006-T)
- O’Reilly, A. (2018, janúar 17). *Gold medal monster: Victims recount years of abuse by USA Gymnastics doctor Larry Nassar*. Fox News; Fox News. <https://www.foxnews.com/us/gold-medal-monster-victims-recount-years-of-abuse-by-usa-gymnastics-doctor-larry-nassar>
- Parent, S., og Bannon, J. (2012). Sexual abuse in sport: What about boys? *Children and Youth Services Review*, 34(2), 354–359. <https://doi.org/10.1016/j.childyouth.2011.11.004>
- Parent, S., og Demers, G. (2011). Sexual abuse in sport: A model to prevent and protect athletes. *Child Abuse Review*, 20(2), 120–133. <https://doi.org/10.1002/car.1135>
- Rees, C. A. (2010). Understanding emotional abuse. *Archives of Disease in Childhood*, 95(1), 59–67. <https://doi.org/10.1136/adc.2008.143156>
- Ryan, G., Lleversee, T. F., og Lane, S. (2010). *Juvenile Sexual Offending: Causes, Consequences, and Correction*. John Wiley & Sons.
- Smith, L. R., og Pegoraro, A. (2020). Media Framing of Larry Nassar and the USA Gymnastics Child Sex Abuse Scandal. *Journal of Child Sexual Abuse*, 29(4), 373–392. <https://doi.org/10.1080/10538712.2019.1703233>
- Soares, J., Correia, A., og Rosado, A. (2010). Political Factors in the Decision-making Process in Voluntary Sports Associations. *European Sport Management Quarterly*, 10(1), 5–29. <https://doi.org/10.1080/16184740903554033>

- Stirling, A. E., og Kerr, G. A. (2008). Defining and categorizing emotional abuse in sport. *European Journal of Sport Science*, 8(4), 173–181. <https://doi.org/10.1080/17461390802086281>
- Stígamót. (2023). Sjúkast. sótt 24. mars 2023 af <https://sjukast.is/>
- Timpka, T., Janson, S., Jacobsson, J., Dahlström, Ö., Spreco, A., Kowalski, J., Bargoria, V., Mountjoy, M., og Svedin, C. G. (2019). Lifetime history of sexual and physical abuse among competitive athletics (track and field) athletes: Cross sectional study of associations with sports and non-sports injury. *British Journal of Sports Medicine*, 53(22), 1412. <https://doi.org/10.1136/bjsports-2018-099335>
- UKEssays. (2017, maí 10). Theories For Violence In Sports. <https://www.ukessays.com/essays/psychology/theories-that-explain-violence-in-sports-psychology-essay.php?vref=1>
- Us Center for SafeSport. (2023). uscenterforsafesport. sótt 15. mars 2023 af <https://uscenterforsafesport.org/about/our-story/>
- Vaismoradi, M., Jones, J., Turunen, H., og Snelgrove, S. (2016). Theme development in qualitative content analysis and thematic analysis. *Journal of Nursing Education and Practice*, 6(5), p100. <https://doi.org/10.5430/jnep.v6n5p100>
- Van Dijk, T. A. (1995). Power and the news media. *Political communication and action*, 6(1), 9-36.
- Vertommen, T., Kampen, J., Schipper-van Veldhoven, N., Uzieblo, K., og Van Den Eede, F. (2018). Severe interpersonal violence against children in sport: Associated mental health problems and quality of life in adulthood. *Child Abuse & Neglect*, 76, 459–468. <https://doi.org/10.1016/j.chiabu.2017.12.013>
- Vertommen, T., Decuyper, M., Parent, S., Pankowiak, A., og Woessner, M. N. (2022). Interpersonal Violence in Belgian Sport Today: Young Athletes Report. *International Journal of Environmental Research and Public Health*, 19(18), 11745. <https://doi.org/10.3390/ijerph191811745>
- Wilinsky, C. L., og McCabe, A. (2021). A review of emotional and sexual abuse of elite child athletes by their coaches. *Sports Coaching Review*, 10(1), 84–109. <https://doi.org/10.1080/21640629.2020.1775378>
- Yabe, Y., Hagiwara, Y., Sekiguchi, T., Momma, H., Tsuchiya, M., Kuroki, K., Kanazawa, K., Koide, M., Itaya, N., Yoshida, S., Sogi, Y., Yano, T., Itoi, E., og Nagatomi, R. (2018). The Characteristics of Coaches that Verbally or Physically Abuse Young Athletes. *The Tohoku Journal of Experimental Medicine*, 244(4), 297–304. <https://doi.org/10.1620/tjem.244.297>